

## REGLUGERÐ

### um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga.

#### 1. gr.

Slysatrygging íþróttafólks tekur til slysa, sem verða við íþróttaiðkanir þeirra sem orðnir eru 16 ára og eru sannanlega félagar í formbundnum félögum, sem hafa íþróttaiðkun að meginmarkmiði og eru aðilar að Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands.

#### 2. gr.

Með íþróttaiðkun er átt við sýningar eða keppni á vegum íþróttafélaga samkvæmt 1. gr. og annarra sambandsaðila Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands svo og skipulagðar íþróttáæfingar sem haldnar eru á vegum þessara aðila undir stjórn þjálfara með það að markmiði að taka þátt í keppni eða sýningum. Sama á við um íþróttaiðkun á vegum erlendra íþróttafélaga fyrir milligöngu íþróttafélaga eða annarra sambandsaðila innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

#### 3. gr.

Slys sem verða á ferðum til eða frá æfingum, sýningum eða keppni falla ekki undir slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt reglugerð þessari. Það sama gildir um slys í búningsherbergjum og baðklefum og slys á keppnis-, sýningar- eða æfingaferðalögum, innanlands sem utan, nema þau sem verða við æfingar, sýningar eða keppni, sbr. 2. gr.

#### 4. gr.

Tilkynning um íþróttaslys skal send Sjúkratryggingum Íslands. Skal tilkynningin vera undirrituð af hinum slasaða og þjálfara hans og stimpluð af íþróttafélaginu eða sambandsaðila innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Einnig skulu fylgja aðrar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem áverka-vottorð þess lækni sem skoðaði slasaða fyrst eftir slysið.

#### 5. gr.

Bætur slysatryggingar íþróttafólks eru sjúkrahjálpar, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Ef bótaskýlt slys veldur sjúkleika og vinnutjóni (óvinnufærni) í minnst 10 daga skal greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða, nánar tiltekið læknishjálpar, sjúkrahúsvist, lyf og umbúðir, tannlækningar, sjúkraþjálfun, hjálpartæki, ferðakostnað og sjúkraflutning, samkvæmt 10. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga og reglugerð nr. 541/2002 um endurgreiðslu slysatrygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrahjálpar.

Ef slys veldur ekki óvinnufærni í 10 daga greiðist framangreindur kostnaður ekki úr slysatryggingu íþróttamanna.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í e-lið 1. mgr. 7. gr. og 23. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga, öðlast gildi 1. janúar 2022 og tekur til slysa sem eiga sér stað eftir 31. desember 2021. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 245/2002 um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 10. desember 2021.*

**Willum Þór Þórsson**  
heilbrigðisráðherra.

*Guðlaug Einarsdóttir.*